

Stjórnarfundur í Oddafélaginu haldinn miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 16-18 í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu.

Mætt voru: Þór Jakobsson formaður, Íris Björk Sigurðardóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Guðbjörg Arnardóttir, aðrir úr stjörn höfðu boðað forföll. Gestir á fundinum voru Jóhanna, Guðrún Sigríður Jakobsdóttir, Jórunn Rothenborg, Águst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Formaður setti fund og lagði fyrir dagskrá fundarins. Hann bauð gestina velkomna á fundinn

*1. Sæmundarvelli. Umhverfi Odda á Rangárvöllum. Aðal- og/eða deiliskipulag? Pingsályktunartillaga? Nefnd?*

Águst Sigurðsson sveitarstjóri kom í upphafi fundar og var hann boðinn velkomin. Águst lýsti yfir ánægju með félagið, honum er umhugað um Odda og áhugamaður um að byggja meira upp þar. Staðirnir í Rangárþingi eru mjög merkir, heraðsnefnd sýslunnar hefur staðið vel við bakið á Skógin og taldi nú að komin væri tími á að styðja fleiri staði. Þörf er á því að efla menningar- og sögutengda ferðaþjónustu á svæðinu.

Bent á að enn er Oddatorfan óskipt og rætt um möguleika á að ýta á að það verði gert.

*2. Aðalfundur – miðvikudag 25. febrúar 2015*

Stjórn leist vel á þenann fundartíma og yrði hann haldinn í Safnaðarheimilinu á Hellu.

*3. Sæmundarstund (í 4. sinn) með stúdentum, hjá Sæmundi á selnum fyrir framan Háskóla Íslands, nálægt vorjafndægrum 2015.*

Áhugi er á málinu en reynst hefur erfitt að koma því á að stúdentar hafi frumkvæði að stundinni.

*4. Oddastefna 23. maí 2015. Viðfangsefni? Fyrirlesarar?*

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri bauð fram Gunnarsholt sem fundarstað fyrir næstu Oddastefnu. Stjórn fagnaði góðu boði og verður það þegið. Jafnvel gefið rými fyrir að skoða Sagnagarð.

Áhugi á að gefa sögu félagsins rými og ryfja upp ferðir og annað sem félagið hefur gert á þessum 25 árum sem félagið hefur starfað.

Nefnt var að fá sýningu Möguleikhússins um Sæmund fróða.

Nefnt hvort hægt væri að fá forsætisráðherra til að flytja erindi um fornminjar eða skipulag.

Jafnvel væri athugandi að fá Reykholtsmenn til að koma.

*5. Oddastefnuerindi í Goðasteini – og Skírni*

Í nýjasta hefti Skírnis er erindi Helga Þorlákssonar frá síðustu Oddastefnu.

Líklega eru ekki erindi frá Oddastefnu 2013 í Goðasteini sem kemur út á næstu dögum.

*6. Félagatal. Árgjöld. Upphæðir og innheimtur.*

Rúmlega 100 félagar eru í félagini. Síðast var rukkun send í heimabanka félagsmanna og hefur það skilað sér vel og alls ekki síður en með fyrirkomulaginu sem var áður.

Samþykkt að hækka árgjaldið upp í 1200 krónur.

*7. AFMÆLISÁR! Oddafélagið 25 ára 1. desember 2015.*

Vilji til að gera eitthvað á afmælisárinu. Áður hefur Frakklandsferð verið nefnd.

Gaman að minna á eða halda á lofti framtíðaruppbyggingu í Odda.

Stjórn mun áfram hugleiða málin.

*8. Fréttabréf með „greiðsluseðli” nú í desember.*

Formaður mun vinna fréttabréf og var stjórn sammála um að senda það út í janúar.

*9. Næsti stjórnarfundur (4. febrúar 2015?)*

Stjórn sammála um tillögu að dagsetningu.

*10. Önnur mál*

Gamansögur sagðar.